



LANDSVAKI

Ársskýrsla 2011

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Stofnun og eignarhald.....	4
Stjórn.....	4
Starfsmenn.....	4
Stjórnarhættir.....	5
Stýring og eftirlit með áhættu.....	5
Lykiltölur úr rekstri.....	5
Sjóðir.....	6
Sjóðir í slitaferli.....	6
Fagfjárfestasjóðir.....	6
Rekstrarumhverfi sjóða.....	7
Dómsmál Landsvaka.....	7
Flutningur sjóða yfir í nýtt rekstrarfélag.....	8
Ársreikningur 2011.....	9

Stofnun og eignarhald

Landsvaki hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem annast rekstur verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestastjóða skv. lögum nr. 128/2011. Félagið starfar sem rekstrarfélag samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu og er undir eftirliti þess.

Landsvaki hf. var stofnað árið 1994 sem dótturfélag Landsbréfa hf., sem fékkst við eignastýringu og verðbréfaviðskipti einstaklinga. Landsbréf sameinuðust Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbankanum) árið 2001 og þar með varð Landsvaki dótturfélag bankans. Haustið 2008 tók Landsbankinn yfir stóran hluta af starfsemi Landsbanka Íslands hf. og er Landsvaki nú í eigu Landsbankans hf. og dótturfélags hans.

Stjórn

Í stjórn Landsvaka hf. sátu eftirtaldir í árslok 2011:

Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur, stjórnarformaður

Kristinn Ingi Lárusson, viðskiptafræðingur

Guðlaug B. Ólafsdóttir, lögfræðingur

Varamenn:

Heiður Agnes Björnsdóttir, viðskiptafræðingur

Ásta Hrönn Maack, viðskiptafræðingur

Fjóla Þ. Hreinsdóttir, viðskiptafræðingur

Helga Melkorka Óttarsdóttir lögfræðingur sinnti starfi formanns fram að aðalfundi í júní 2011 og þá tók Jón Steindór Valdimarsson við störfum formanns.

Meirihluti stjórnarmanna og varamanna er óháður Landsbankanum hf.

Starfsmenn

Ari Skúlason, framkvæmdastjóri

Guðrún Ólöf Jónsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra

Egill Darri Brynjólfsson, staðgengill framkvæmdastjóra

Fjóla Jónsdóttir, innra eftirlit

Klara Hrönn Sigurðardóttir, sjóðsstjóri, rekstur sjóða

Björn Ágúst Björnsson, sjóðstjóri

Fabio Chino Quaradeghini, sjóðstjóri

Guðrún Una Valsdóttir, sjóðstjóri

Ingvar Karlsson, sjóðstjóri

Rósa Björgvinsdóttir, sjóðstjóri

Stjórnarhættir

Landsvaki hf. leggur mikla áherslu á reglufestu, gagnsæi og heiðarleika í starfsemi sinni. Einkum gagnvart viðskiptavinum en einnig gagnvart öllum öðrum hagsmunaaðilum svo sem eigendum, starfsmönnum og eftirlitsaðilum.

Stjórn og starfsmenn félagsins leggja mikið upp úr trausti og trúverðugleika gagnvart viðskiptavinum og að hagsmuna þeirra sé vel gætt. Meirihluti stjórnarmanna er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess og stjórnarmenn eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins. Með þessu tryggir félagið að stjórnin sinni fremur heildarhagsmunum en hagsmunum tiltekinna hluthafa.

Stjórn Landsvaka starfar eftir starfsreglum stjórnar félagsins og fer hún með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda. Í starfsreglum stjórnar er að finna upplýsingar um verkefni stjórnar sem og upplýsingar um það hvenær stjórnarmaður telst vanhæfur.

Virkt eftirlit er með rekstri félagsins og daglegum stjórnendum þess. Innra eftirlit veitir hæfilega vissu um að félagið nái markmiðum sínum varðandi árangur og skilvirkni í starfsemi, áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að félagið hlíti lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Ársreikningur Landsvaka er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Landsvaki hf. fylgir lögum og reglum í hvívetna og vinnur einnig samkvæmt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem Viðskiptaráð, Kauphöllin og Samtök atvinnulífsins hafa samið og gefið út.

Landsvaki útvisar ýmsu sem snýr að stjórnarháttum til móðurfélagsins Landsbankans hf. Þar má nefna regluvörslu og innri endurskoðun.

Stýring og eftirlit með áhættu

Eftirlit með áhættu í rekstri Landsvaka er margþætt. Reglulega er fylgst með eignastöðu þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem félagið rekur og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Markaðsáhætta er metin reglulega með útreikningum á áhættumælikvörðum og sjóðstjórar fylgjast sjálfir með og stýra markaðsáhættu sjóða. Rekstraráhætta er til staðar í allri starfsemi Landsvaka og er hún metin reglulega og stýrt til að lágmarka fjárhagslegt tjón vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða vegna utanaðkomandi atvika. Til staðar er viðbúnaðaráætlun til að mæta meiriháttar áföllum í rekstri.

Innra eftirlit sinnir reglulegri skýrslugjöf til stjórnenda, opinberra eftirlitsaðila og annarra er innra eftirlit félagsins varða.

Lykiltölur úr rekstri

Rekstur Landsvaka skilaði 207 milljón króna hagnaði á árinu 2011 sem var mikill viðsnúningur árinu áður. Rekstarafkoma vegna hefðbundinnar starfsemi var góð og jákvæð útkoma í dómsmáli við slitastjórn Landsbanka Íslands hf. í lok ársins 2011 jók óreglulegar tekjur verulega. Í lok árs 2010 voru eignir í sjóðum Landsvaka rúmir 53 milljarðar en hækkuðu í tæpan 61 milljarð í lok árs 2011 og jukust eignir í stýringu um 8 milljarða.

Tekjur félagsins voru 688 milljónir á árinu og jukust mikið frá árinu áður. Nokkur hluti af þeirri aukningu er óreglulegur þar sem félagið tekjufærði umsýsluþóknun til þriggja ára vegna Mezzanine sjóða félagsins. Helstu gjaldaliðir félagsins eru laun og greiðsla til Landsbankans vegna útvistunar-samnings. Báðir þessir liðir hækkuðu töluvert milli ára vegna meiri umsvifa.

Efnahagsreikningur félagsins stækkaði mikið á árinu efir mikla minnkun síðustu ára. Heildareignir fóru úr rúmum 620 milljónum í rúmlega 940 milljónir. Eigið fé Landsvaka hf. í árslok nam 517 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 81,2% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum. Efnahagsreikningur félagsins er því traustur og félagið skuldar engin vaxtaberandi lán.

Sjóðir

Landsvaki annast rekstur á þrenns konar sjóðum: Verðbréfasjóðum, fjárfestingarsjóðum og fagfjárfestasjóðum. Í lok desember 2011 voru 22 sjóðir í rekstri félagsins, þar af 4 í slitameðferð, og nam hrein eign þeirra tæpum 61 milljarði króna. Í árslok voru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum Landsvaka rúmlega 9 þúsund.

Í fjárfestingarráðum sjóða sitja sjóðsstjórar auk framkvæmdastjóra Landsvaka og staðgengils framkvæmdastjóra. Í fjárfestingarráði eru teknar ákvarðanir um hvar innan sinna heimilda sjóðirnir staðsetja sig. Í ráðinu fer einnig fram verðmat á óskráðum eignum. Sjóðstjórar framfylgja ákvörðunum fjárfestingaráðs og fjárfesta fyrir innstreymi fjár og selja fyrir innlausnum.

Landsvaki stofnaði tvo nýja sjóði á árinu sem bera nöfnin Veltubréf og Eignabréf. Veltubréf eru stuttur peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í innlánnum og skuldabréfum með skamman líftíma. Eignabréf eru blandaður sjóður sem fjárfestir bæði í skuldabréfum og hlutabréfum.

Á árinu voru Markaðsbréf meðallöng sameinuð Sparibréfum meðallöngum.

Verðbréfasjóðir í virkri stýringu Landsvaka eru nú ellefu og skiptast þeir í skammtímasjóði, skuldabréfasjóði, ríkisskuldabréfasjóði, blandaða sjóði og hlutabréfasjóði.

Tveir fjárfestingarsjóðir og fimm fagfjárfestasjóðir eru einnig í virkri stýringu hjá félaginu.

Sjóðir í slitiferli

Í lok árs voru fjórir sjóðir í slitiferli. Fjárfestingarsjóðurinn Fyrirtækjabréf Landsbankans hefur verið lokaður frá október 2008 og í slitameðferð frá því í janúar 2009. Fagfjárfestasjóðirnir Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Absolute Return Strategies og Landsbanki Structured Finance III eru allir í slitiferli.

Fagfjárfestasjóðir

Í rekstri eru átta sjóðir, þar af þrír í slitiferli. Framtakssjóðurinn Landsbanki Private Equity Fund II (LPE II) er rekinn í samstarfi við bresk-hollenska eignastýringarfyrirtækið F&C (Foreign and Colonial), sem er með stærri eignastýringarhúsum í Evrópu. Þessi sjóður er kominn vel á veg í þróun og er nú þegar farið að huga að því að safna í annan sams konar sjóð, LPE III. Fasteignasjóðurinn Landsbanki Real Estate Fund (LAREF) er einnig í rekstri og er kominn á seinni hluta líftímans. Þá er Boreas Capital Fund einnig í rekstri en þess er að vænta að einhverjar breytingar verði á umhverfi og starfsemi hans.

Sjóðirnir Landsbanki Mezzanine Fund I og II voru báðir lengi í frýstingu hjá Gamla Landsbankanum, eða allt frá hruni hans. Lengi var deilt um umráðarétt yfir eignum. Slitastjórn gamla Landsbankans taldi að Landsvaki, fyrir hönd fjárfesta í sjóðnum, ætti einungis almenna kröfu í bú bankans en Landsvaki taldi að þarna væri um sértökukröfu að ræða, umræddar eignir hafi verið í beinni eigu-sjóðanna og slitastjórn bæri að skila þeim án tafar til Landsvaka. Úrskurður Hæstaréttar féll Landsvaka í vil og fékk félagið því aftur umráðarétt yfir þessum eignum. Fjárfestar í sjóðnum eru m.a. íslenskir lífeyrissjóðir.

Landsbanki Currency Fund, Landsbanki Absolute Return Strategies og Landsbanki Structured Finance III eru allir í slitaferli og mun taka talsverðan tíma að vinda ofan af þeim.

Starfsemi fagfjárfestastjóða Landsvaka er því á nokkrum tímamótum. Tímabil mikilla erfiðleika er á enda og nú er farið að huga að því að stofna nýja sjóði til framtíðar.

Rekstrarumhverfi sjóða

Skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðir hafa enn ekki náð sér að fullu á strik eftir efnahagsáföll síðustu ára. Það setur mark sitt á starfsemi félagsins að enn vantar mikið upp á skilvirkni og dýpt á mörkuðum. Erfið staða á mörkuðum hefur veruleg áhrif á rekstur sjóða Landsvaka auk mikillar óvissu í efnahagsmálum heimsins um þessar mundir.

Frá hruni bankakerfisins hefur ríkisskuldabréfamarkaðurinn verið mjög virkur, m.a. vegna aukinnar útgáfu ríkissjóðs, vaxtalækkana og tiltölulegra fárra annarra vænlegra fjárfestingarkosta. Flokkum sem ríkið gefur út hefur fjölgað, þeir hafa stækkað og nú býður Landsvaki upp á fjölbreyttara úrval ríkisskuldabréfasjóða en áður var. Markaður með sveitarfélagaskuldabréf er fyrir hendi og skuldabréf hafa verið gefin út á Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög. Erfitt er þó að eiga viðskipti með slík bréf á eftirmarkaði nema þá örfáu flokka sem hafa viðskiptavakt. Markaður með skuldabréf á fjármálastofnanir og fyrirtæki lagðist af við hrunið og hefur nær engin ný útgáfa verið þar. Þó hafa eignatryggð skuldabréf á banka litið dagsins ljós á árinu og var þeim bréfum ágætlega tekið.

Undanfarin ár hefur Landsvaki hf. lagt áherslu á að bjóða upp á nýja sjóði til að mæta þörfum markaðarins hverju sinni. Framan af var lögð áhersla á ríkisskuldabréfasjóði en á árinu 2011 var úrvalið breikkað með tveimur nýjum sjóðum; Veltubréfum sem er stuttur peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í innlánum og skuldabréfum með skamman líftíma og Eignabréfum sem er blandaður sjóður sem fjárfestir bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Ávöxtun sjóða Landsvaka var með ágætum á árinu. Skuldabréfasjóðurinn Sparibréf verðtryggð náði t.d. bestri ávöxtun allra sjóða héraendis á árinu 2011, eða 16,3%.

Landsvaki starfrækir erlenda hlutabréfasjóði sem eiga erfitt með vöxt vegna gjaldeyrishafta. Landsvaki starfrækir einnig innlenda hlutabréfasjóðinn Úrvalsbréf. Fjárfestingatækifæri á innlendum hlutabréfamarkaði hafa verið fá en þó bættist við flóruna á seinni hluta ársins þegar fyrsta skráning eftir bankahrunið fór fram og tókst hún ágætlega. Nokkur félög til viðbótar hafa sýnt áhuga á skráningu og virðist hlutabréfamarkaðurinn vera að rétta aðeins úr kútnum þó hægt fari.

Dómsmál Landsvaka

Landsvaki hf. hefur staðið í töluverðum málaferlum vegna atburða sem gerðust í tengslum við hrun bankakerfisins á árinu 2008. Landsvaki var áður dótturfélag gamla Landsbankans og var síðar gert að dótturfélagi Landsbankans með stjórnvaldsákvörðun. Félagið er því með beina tengingu við atburði fortíðarinnar og hefur verið stefnt vegna margra mála sem tengja má hrúni bankanna haustið 2008.

Nær öllum dómsmálum vegna peningamarkaðssjóðsmála er lokið og hafa þau nær öll gengið til Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur annaðhvort vísað þessum málum frá eða sýknað Landsvaka. Reykjavíkurborg hefur átt í máli við Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. vegna peningamarkaðssjóða. Borgin hefur stefnt Landsvaka vegna sama máls. Landsvaki krafðist frávísunar og féllst héraðsdómur á þá kröfu. Úrskurðurinn var síðan kærður til Hæstaréttar sem úrskurðaði að málið skyldi fara til meðferðar í héraðsdómi. Landsvaki var einnig sýknaður í öðru máli vegna peningamarkaðsmála skömmu fyrir áramót. Þeim dómi hefur nú verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Þá á Landsvaki, fyrir sjóðsins hönd Fyrirtækjabréfa, í bótamáli gegn fyrrverandi stjórnarmönnum Íslenskrar afþreyingar fyrir hönd Fyrirtækjabréfa. Málið byggir á því að Landsvaki telur að stjórn ÍA hafi átt að gefa búið upp til gjaldþrotaskipta á þeim tíma þegar viðskipti fóru fram í félaginu sem ullu Landsvaka tjóni. Dómskvaddir matsmenn hafa skilað matsgerð í málinu og er reiknað með að það verði dómtekið á fyrri hluta ársins 2012.

Landsvaki átti í ágreiningsmálunum við Slitastjórn Landsbanka Íslands hf. vegna eigna í Mezzanine sjóðum sem gamli bankinn tók yfir til sín og neitað að afhenda. Landsvaki hf. stefndi slitastjórn og gekk málið alla leið til Hæstaréttar. Úrskurður bæði héraðsdóms og Hæstaréttar var Landsvaka í hag og hefur félagið nú fengið umráðarétt yfir þessum sjóðum.

Landsvaki átti því einungis í þremur dómsmálum í árslok 2011.

Flutningur sjóða yfir í nýtt rekstrarfélag

Í desember 2010 keypti Landsbankinn 51% hlutfjár í Rose Invest hf. sem er rekstrarfélag verðbréfa-sjóða og því lagalega séð svipað félag og Landsvaki. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki eftirlitsstofnana og niðurstöður áreiðanleikakönnunar. Fjármálaeftirlitið gaf fljótlega út yfirlýsingu um að Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. væri hæft til þess að eiga virkan eignarhlut í Rose Invest hf. með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs rekstrarfélagsins. Kaupin náðu því fram að ganga og í kjölfarið var nafni Rose Invest breytt í Landsbréf hf.

Á árinu 2011 var unnið að því að flytja sjóði Landsvaka hf. yfir í hið nýja rekstarfélag, aðallega til þess að tryggja núverandi hlutdeildarskírteinishafa gegn mögulegum áföllum vegna atburða sem gerðust í fortíð. Þrátt fyrir að Landsvaka hafi gengið flest í haginn í dómsmálum vegna fortíðar eru enn fyrir hendi óvissuþættir sem núverandi hlutdeildarskírteinishafar félagsins ættu ekki að þurfa að hafa áhyggjur af. Sjóðir Landsvaka hf. hafa því verið seldir til Landsbréfa hf., með fyrirvara um samþykki FME, sem mun hefja rekstur sjóðanna eftir þann 31. mars 2012.

Við allar þessar breytingar verður lögð rík áhersla á að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina í sjóðum séu tryggðir.

Landsvaki hf.

Ársreikningur 2011

Landsvaki hf.
Ársreikningur 2011

Landsvaki hf.
Kt. 700594-2549
Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík

Efnisyfirlit

A-hluti	Bls.	B-hluti	Bls.
Ársreikningur rekstrarfélagsins		Ársreikningur Fjárfestingarsjóða	27
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3-4	Rekstrarreikningur.....	28
Áritun óháðs endurskoðanda.....	5	Efnahagsreikningur.....	29
Rekstrarreikningur.....	6	Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	30
Efnahagsreikningur.....	7-8	Skýringar	31-35
Sjóðstremisýfirlit.....	9		
Skýringar	10-14		
B-hluti			
Ársreikningur Verðbréfasjóða	15		
Rekstrarreikningur.....	16		
Efnahagsreikningur.....	17-18		
Yfirlit um breytingar á hreinni eign.....	19		
Skýringar	20-26		

Landsvaki hf.
Kt. 700594-2549
Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er tilgangur félagsins að annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlegar fjárfestingar í samræmi við starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta, A- og B-hluta. A-hluti inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs en B-hluti inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða sem voru í rekstri hjá Landsvaka hf. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Er þessi framsetning í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluti er hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. en ársreikningur Landsvaka B-hluta er ekki hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. vegna eðlis starfsemi þeirra sjóða sem Landsvaki rekur.

Í árslok 2011 annaðist Landsvaki hf. rekstur 22 sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Á árinu voru tveir sjóðir sameinaðir í einn en tveir nýir sjóðir stofnaðir. Í árslok nam heildarstærð sjóða í rekstri Landsvaka tæpum 61 milljarði króna samanborið við 53 milljarða í árslok 2010 og hafa því stækkað um tæpa 8 milljarða króna.

Hagnaður var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 207 milljónir króna samkvæmt rekstrarreikningi félagsins. Stjórn félagsins gerir ekki tillögu að arðgreiðslu til hluthafa vegna rekstrarársins 2011 en vísað er til ársreiknings um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Eigið fé Landsvaka hf. í árslok nam 517 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 81,2% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðir hafa enn ekki náð sér að fullu á strik eftir efnahagsáfall síðustu ára. Það setur mark sitt á starfsemi félagsins að enn vantar mikið upp á skilvirkni og dýpt á mörkuðum. Erfið staða á mörkuðum hefur veruleg áhrif á rekstur sjóða Landsvaka auk mikillar óvissu í efnahagsmálum heimsins um þessar mundir.

Frá hruni bankakerfisins hefur ríkisskuldabréfamarkaðurinn verið mjög virkur, m.a. vegna aukinnar útgáfu ríkissjóðs, vaxtalækkana og tiltölulegra fárra annarra vænlegra fjárfestingarkosta. Flokkum sem ríkið gefur út hefur fjölgað, þeir hafa stækkað og nú býður Landsvaki upp á fjölbreyttara úrval ríkisskuldabréfasjóða en áður var. Markaður með sveitarfélagaskuldabréf er fyrir hendi og skuldabréf hafa verið gefin út á Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög. Erfitt er þó að eiga viðskipti með slík bréf á eftirmarkaði nema þá örfáu flokka sem hafa viðskiptavakt. Markaður með skuldabréf á fjármálastofnanir og fyrirtæki lagðist af við hrunið og hefur nær engin ný útgáfa verið þar. Þó hafa eignatryggð skuldabréf á banka litið dagsins ljós á árinu og var þeim bréfum ágætlega tekið.

Landsvaki stofnaði tvo nýja sjóði á árinu sem bera nöfnin Veltubréf og Eignabréf. Veltubréf er stuttur peningamarkaðssjóður sem fjárfestir í innlánnum og skuldabréfum með skamman líftíma. Eignabréf er blandaður sjóður sem fjárfestir bæði í skuldabréfum og hlutabréfum.

Landsvaki starfrækir erlenda hlutabréfasjóði sem ekki geta vaxið vegna gjaldeyrishafta. Seinni hluta ársins var fyrsta skráning á innlendan hlutabréfamarkað og tókst ágætlega. Nokkur félög til viðbótar hafa sýnt áhuga á skráningu og virðist hlutabréfamarkaðurinn vera að rétta aðeins úr kútnum þó hægt fari.

Á árinu 2011 jukust eignir í stýringu hjá Landsvaka um 14%. Skuldabréfasjóðir stækkuðu um 14% frá upphafi ársins og innlendir hlutabréfasjóðir um 143%. Útgreiðsla úr sjóðum í slitiferli var nokkur á árinu og hefur það áhrif á heildarmyndina.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 20. júní og varð þar sú breyting á stjórn félagsins að Helga Melkorka Óttarsdóttir sem hafði verið formaður stjórnar allt frá því í febrúar 2009 hætti í stjórn. Í hennar stað var Jón Steindór Valdimarsson kosinn formaður stjórnar. Tveir af þremur stjórnarmönnum félagsins eru áfram óháðir Landsbankanum hf.

Á árinu 2011 var unnið að því að flytja sjóði Landsvaka hf. yfir í nýtt rekstarfélag, aðallega til þess að tryggja núverandi hlutdeildarskírteinishafa gegn mögulegum áföllum vegna atburða sem gerðust í fortíð. Þrátt fyrir að Landsvaka hafi gengið flest í haginn í dómsmálum vegna fortíðar eru enn fyrir hendi óvissuþættir sem núverandi hlutdeildarskírteinishafar félagsins ættu ekki að þurfa að búa við. Sjóðir Landsvaka hf. hafa því verið seldir til annars rekstrarfélags, Landsbréfa hf., sem mun hefja rekstur sjóðanna eftir 31. mars 2012. Söluverð sjóðanna var 530 milljónir króna.

Hlutfé Landsvaka nam í árslok 100,1 milljónum króna og er 99,99% í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf.

Stjórn og framkvæmdastjóri Landsvaka hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 23. mars 2012



Jón Steindór Valdimarsson



Heiður Agnes Björnsdóttir



Guðlaug Ólafsdóttir

Framkvæmdastjóri



Ari Skúlason

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsvaka hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ársreikning Landsvaka hf. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum; A-hluti, sem er rekstrarfélagið sjálft, og B-hluti, sem er fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um helstu reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði rekstrarfélagsins.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á umfjöllun í skýrslu stjórnar og í skýringu nr. 9 um sölu á rekstri sjóða félagsins til Landsbréfa hf. og skýringu nr. 10 með ársreikningnum þar sem greint er frá hugsanlegum málaferlum gagnvart félaginu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. mars 2012

KPMG ehf.

Helgi F. Arnarson

Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Umsýsluþóknun	1.5	<u>688.412</u>	<u>463.911</u>
		688.412	463.911
Fjármagnstekjur (Fjármagnsgjöld)	2	<u>15.746</u>	<u>(89.401)</u>
		704.158	374.510
		Hreinar rekstrartekjur	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	124.098	97.288
Annar rekstrarkostnaður	4	<u>321.569</u>	<u>294.658</u>
		445.667	391.946
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir tekjuskatt		258.491	(17.436)
Tekjuskattur	1.8, 7	<u>(51.702)</u>	<u>3.979</u>
Hagnaður (tap) ársins	5	<u><u>206.789</u></u>	<u><u>(13.457)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eignir	Skýr.	2011	2010
Aðrar eignir			
Kröfur á sjóði		551.119	291.294
Aðrar skammtímakröfur		465	4.777
Skatteign	7	5.246	8.440
Aðrar eignir samtals		<u>556.830</u>	<u>304.511</u>
Handbært fé		20.233	326.073
Hlutdeildarskírteini		371.354	0
		<u>391.587</u>	<u>326.073</u>
Eignir samtals		<u>948.417</u>	<u>630.584</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2011	2010
Eigið fé	5		
Hlutafé		100.100	100.100
Yfirverð		191.700	191.700
Lögbundinn varasjóður		20.047	3.968
Óráðstafað eigið fé		204.691	13.981
Eigið fé samtals		<u>516.538</u>	<u>309.749</u>
Skuldir			
Skuldir við tengd félög		196.034	151.799
Aðrar skammtímaskuldir		187.337	147.498
Skattar	7	48.508	21.539
Skuldir samtals		<u>431.879</u>	<u>320.836</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>948.417</u></u>	<u><u>630.584</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	5	206.789	(13.457)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Tekjuskattur		51.702	(3.979)
		<u>258.491</u>	<u>(17.436)</u>
		Veltufé frá (til) rekstrar	
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun		(252.319)	145.004
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)		59.342	(593.699)
		<u>(192.977)</u>	<u>(448.696)</u>
		Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	
		<u>65.514</u>	<u>(466.132)</u>
		Handbært fé frá (til) rekstrar	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		65.514	(466.132)
Handbært fé í byrjun árs		326.073	792.205
Handbært fé í lok árs		<u><u>391.587</u></u>	<u><u>326.073</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Almennar upplýsingar

Landsvaki hf. er rekstrarfélag sem starfar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og annast rekstur verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Ársreikningur Landsvaka hf. skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. A-hluti nær til rekstrarfélagsins, B-hluti nær til Verðbréfasjóða, Fjárfestingarsjóða og Fagfjárfestingsjóða Landsvaka hf.

Í lok ársins annaðist Landsvaki hf. rekstur 22 sjóða. Gengi flestra sjóða er reiknað daglega og geta fjárfestar keypt hluti í sjóðunum og fengið hlutdeildarskírteini til staðfestingar á eign sinni. Ávöxtun hvers sjóðs rennur óskipt til viðkomandi hlutdeildarskírteinishafa og því safnast enginn óúthlutaður hagnaður fyrir í sjóðunum.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn inniheldur A- og B-hluta Landsvaka hf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur um rekstrarfélög Verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum.

1.3 Matsaðferðir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þessara liða sé gert samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.4 Samstæðureikningur

Ársreikningur Landsvaka hf. A-hluta er hluti af samstæðureikningi Landsbankans hf. Ársreikningur Landsvaka hf. B-hluta er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

1.5 Umsýsluþóknunir

Verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestingsjóðir B-hluta Landsvaka hf. greiða A-hluta Landsvaka hf. umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðanna svo sem laun starfsmanna, markaðskostnað, endurskoðun, reikningshald sjóða, vörsluþóknun og umsýslu. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs.

Útvistunarsamningur vegna ýmissar þjónustu er við Landsbankann hf. og tók hann gildi í byrjun árs 2009. Greiðslur Landsvaka hf. miðast við stærð sjóða.

1.6 Kröfur á sjóði

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði og eru þær vegna ógreiddrar umsýslu sjóða B-hluta Landsvaka í árslok.

1.7 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

1.8 Skattamál

Opinber gjöld ársins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn.

1.9 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar Landsvaka hf. eru móðurfélag þess, Landsbankinn hf. ásamt dóttur- og hlutdeildarfélagum þess, stjórn félagsins, lykilstjórnendur og aðilar þeim tengdir. Viðskipti við tengda aðila eru við Landsbankann hf. og eru þau í samræmi við þjónustusamning milli bankans og félagsins. Endurgjald fyrir selda þjónustu móðurfélags miðast við stærð sjóða.

Skýringar frh.

2. Fjármagnstekjur og Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjur greinast þannig:	2011	2010
Vaxtatekjur (-gjöld)	4.201	(793)
Gengishagnaður (-tap)	4.958	(88.608)
Skuldabréf óinnleystur gengismunur	6.587	0
	<u>15.746</u>	<u>(89.401)</u>

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	97.913	76.620
Iðgjöld til lífeyrissjóða	13.708	10.895
Launatengd gjöld	12.477	9.773
	<u>124.098</u>	<u>97.288</u>

Starfsmannafjöldi ársins var sem hér segir:

Starfsmenn í árslok	10	8
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	10	8

Greidd laun og hlunnindi til stjórnenda greinast þannig á árinu 2011:

Framkvæmdastjórar:		
Ari Skúlason, framkvæmdastjóri	15.342	8.406
Björn Þór Guðmundsson	0	5.430
Stjórn Landsvaka:		
Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður	2.100	0
Helga Melkorka Óttarsdóttir	450	900
Kristinn Ingi Lárusson	1.300	500
Heiður Agnes Björnsdóttir	1.170	40
Ásta Hrönn Maack	0	20
Íris Ægisdóttir	20	0
	<u>20.382</u>	<u>15.296</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

Þóknun til Landsbankans hf.	194.181	148.835
Lögfræðikostnaður	52.758	10.147
Endurskoðun	15.219	13.831
Annað	59.411	121.844
	<u>321.569</u>	<u>294.658</u>

Skýringar frh.

5. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins nam í árslok kr. 100,1 milljónum skv. samþykktum félagsins. Allt hlutfé félagsins er útistandandi og fylgir eitt atkvæði hverjum krónuhlut að nafnverði.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Hlutfé	Lögbundinn		Óráðstafað	Samtals
		Yfirverð	Varasjóður	eigið fé	
Eigið fé 1.1.2010.....	100.100	191.700	3.968	27.438	323.206
Tap ársins.....				(13.457)	(13.457)
Eigið fé 31.12.2010.....	100.100	191.700	3.968	13.981	309.749
Eigið fé 1.1.2011.....	100.100	191.700	3.968	13.981	309.749
Lagt í varasjóð.....			16.079	(16.079)	0
Hagnaður ársins.....				206.789	206.789
Eigið fé 31.12.2011.....	100.100	191.700	20.047	204.691	516.538

6. Eiginfjárlutfall

Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins, sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, er 81,2% en lágmarks eiginfjárlutfall samkvæmt lögunum er 8,0%.

Eiginfjárlutfallið reiknast þannig:

	2011	2010
Eigið fé.....	516.538	309.749
Skatteign.....	(5.246)	(8.440)
Eiginfjárgrunnur.....	511.292	301.309

Heildar eiginfjárlutfall greinist á eftirfarandi hátt:

	2011	2010
Útlánaáhætta.....	50.392	28.903
Markaðsáhætta.....	0	0
Rekstraráhætta.....	-	-
Eiginfjárlutfall samtals.....	50.392	28.903

Eiginfjárlutfall í samræmi við ákvæði laga um eiginfjárlutfall..... 81,2% 83,4%

Samkvæmt 2. mgr. 84. greinar laga nr. 161/2002 eru rekstrarfélög verðbréfasjóða undanþegin mati á rekstraráhættu við útreikning á eiginfjárgrunni.

Skýringar frh.

7. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur ársins í rekstrarreikningi greinist þannig:	2011	2010
Tekjuskattur til greiðslu.....	(48.508)	(21.539)
Breyting á tekjuskattsskuldbindingu.....	<u>(3.194)</u>	<u>25.518</u>
	(51.702)	3.979
Virkur tekjuskattur:		
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	258.491	(17.436)
Reiknaður skattur.....	51.698	(3.139)
Áhrif breytinga á skatthlutfalli.....	0	(844)
Ófrádráttarbær kostnaður.....	<u>4</u>	<u>3</u>
	51.702	(3.979)
Skattskuldbinding (-eign) greinist þannig:		
Skatt- (eign) skuldbinding í upphafi árs.....	(8.440)	17.078
Áhrif breytinga á skatthlutfall.....	0	(844)
Reiknaður skattur ársins.....	51.702	(3.135)
Skattur til greiðslu.....	<u>(48.508)</u>	<u>(21.539)</u>
Skatt- (eign) skuld í árslok.....	(5.246)	(8.440)

Skatteign er tilkomin vegna frestaðs gengismunar.

8. Eignir í stýringu

Heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í eignastýringu hjá sjóðum Landsvaka hf. var í árslok 61 milljarður króna samanborið við 53,4 milljarða króna í árslok 2010.

9. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Þann 22. mars 2012 skrifaði stjórn Landsvaka hf. undir kaupsamning við Landsbréf hf. þar sem rekstur allra sjóða félagsins er seldur til Landsbréfa. Landsbréf hf. er, líkt og Landsvaki, rekstrarfélag verðbréfasjóða og er að fullu í eigu Landsbankans. Kaupverðið var ákveðið m.t.t. tveggja óháðra verðmata sem framkvæmd voru fyrir stjórnir félaganna. Ekki verður um að ræða neinar breytingar fyrir hlutdeildarskírteinishafa sjóðanna, reglur þeirra og útboðslýsingar verða óbreyttar sem og rekstur sjóðanna þar sem allt starfsfólk Landsvaka mun flytjast yfir til Landsbréfa og Landsbréf hafa gert sambærilegan útivistunarsamning við Landsbankann og Landsvaki hefur. Yfirfærsla sjóðanna til Landsbréfa mun fara fram um mánaðamótin mars-apríl. Landsvaki mun eftir þessa yfirfærslu skila inn rekstrarleyfi sínu til Fjármálaeftirlitsins en áfram verða dótturfélag Landsbankans.

Skýringar frh.

10. Önnur mál

Landsvaki hf. hefur staðið í töluverðum málaferlum vegna atburða sem gerðust í tengslum við hrun bankakerfisins á árinu 2008. Mikið greiddist úr þeim málum á árinu 2011.

Staða þeirra mála sem voru í gangi í árslok 2011 var eftirfarandi:

Reykjavíkurborg gegn Landsvaka hf. (660/2011)

Reykjavíkurborg stefndi Landsvaka til greiðslu 1.228.516.097 kr. auk vaxta. Reykjavíkurborg átti hlutdeild í peningamarkaðssjóði Landsvaka Peningabréfum ISK sem var á vegum Landsbanka Íslands hf. Þann 6. október 2008 var sjóðnum lokað í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins og þann 7. október var á grundvelli laga nr. 125/2008 skipuð skilanevnd sem tók við heimildum stjórnar Landsbanka Íslands hf. Þann 28. október 2008 sendi Landsvaki tilkynningu um afskráningu Peningabréfa Landsbankans ISK til Kauphallar Íslands. Við uppgjör á sjóðnum fékk Reykjavíkurborg greitt 68,8% af hlutdeild sinni í sjóðnum miðað við skráð gengi við lokun á sjóðnum. Mismunurinn er upphæð sú sem Reykjavíkurborg gerir kröfu um að fá greitt í máli þessu. Reykjavíkurborg hafði gefið fyrirmæli um innlausn heildarupphæðarinnar þann 3. október 2008 og gefið fyrirmæli um að keypt yrði í staðinn hlutdeild í Sparibréfum sem innihélt einungis ríkisverðbréf. Innlausnin var ekki framkvæmd og kaupin í Sparibréfum sem búið var að ganga frá voru síðar bakfærð. Málinu var vísað frá héraðsdómi en Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi og var lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Fyrirséð er að málið verði tekið fyrir hjá Héraðsdómi Reykjavíkur á fyrri hluta ársins 2012.

Hjartavernd ses gegn Landsvaka hf.

Landsvaki hf. var sýknaður í málinu hinn 22. desember 2011. Hjartavernd hefur tekið ákvörðun um að áfrýja dómi héraðsdóms, ekki liggur fyrir hvenær máli verður flutt fyrir Hæstarétti.

Landsvaki hf. gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni o.fl.

Um er að ræða kröfu Landsvaka, fyrir hönd sjóðsins Fyrirtækjabréf, á hendur fjórum stjórnarmönnum Íslenskrar affreyningar hf. sem búið er að úrskurða gjaldþrota.

Riftunaryfirlýsing slitastjórnar Landsbanka Íslands hf. gegn Landsvaka hf.

Landsvaka hf. barst riftunaryfirlýsing frá slitastjórn Landsbanka Íslands hf. (GLÍ) dagsett 23. ágúst 2011 þar sem lýst var yfir riftun á ráðstöfunum sem fólust í kaupum GLÍ á skuldabréfum úr peningamarkaðssjóðum Landsvaka hf. dagana 1. og 3. október 2008 samtals 19.972.905.990 kr. auk vaxta. Landsvaki svaraði erindi slitastjórnarinnar með erindi, dagsettu 17. október 2011. Þar kom fram að krafan beindist að röngum aðila, ætti að beinast að gamla bankanum og að Landsvaki hafi í umræddum viðskiptum farið eftir lögum sem og fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins. Þar var einnig gerð grein fyrir því að hvorki forsendur né skilyrði riftunar væru uppfyllt og jafnframt var bent á rangfærslur í yfirlýsingu slitastjórnarinnar. Öllum kröfum slitastjórnarinnar var hafnað.

Rannsókn ESA, ætlaðir ríkisstyrkir - Peningamarkaðsinnlán

Þann 8. september 2010 hóf Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega rannsókn á ætluðum ríkisstyrkjum í tengslum við kaup nýju bankanna á skuldabréfum úr peningamarkaðssjóðum rekstrarfélaga sinna. Landsvaki hefur mótmælt því að um ríkisstyrki hafi verið að ræða og komið þeirri afstöðu og rökstuðningi sínum á framfæri við ESA. Engin niðurstaða er komin í málið en verði niðurstaða ESA sú að um sé að ræða ólögsmæta ríkisaðstoð er mögulegt að Landsvaki verði endurkrafinn um þá fjármuni.

Verðbréfasjóðir Landsvaka hf.

Ársreikningur 2011

Rekstrarreikningur 2011

Skýr.	Markaðsbréf stutt	Markaðsbréf meðallöng *	Markaðsbréf löng	Sparibréf stutt	Sparibréf meðallöng	Sparibréf löng	Sparibréf verötr	Sparibréf óverötr	Reiðubréf ríkistryggð	Landsbanki Global Eq. Fund	Landsbanki Nordic 40	Veltubréf**	2011 Samtals	2010 Samtals
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 1.2														
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(352.870)	(709.097)	(281.382)	170.720	844.892	289.864	986.933	(141.052)	127.339	(183.668)	(201.416)	1.048	551.312	2.597.498
Arður.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	12.167	23.581	0	35.747	34.800
Vaxtagjöld.....	(51)	0	0	(40)	(23)	(32)	(39)	(28)	(78)	(59)	(71)	0	(421)	(3.795)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(352.921)	(709.097)	(281.382)	170.680	844.868	289.833	986.894	(141.079)	127.261	(171.560)	(177.907)	1.048	586.638	2.628.503
Rekstrargjöld														
Umsýslupóknun..... 1.3	11.685	2.887	9.822	20.768	81.098	26.055	43.053	19.671	21.450	40.733	6.244	102	283.567	196.688
Póknanir og bankakostnaður.....	830	256	364	2.498	15.647	2.504	6.320	4.413	916	2.306	2.258	2	38.313	39.813
Rekstrargjöld samtals	12.515	3.143	10.186	23.266	96.745	28.559	49.373	24.084	22.365	43.039	8.502	104	321.881	236.501
Sértæk niðurfærsla fjárfestinga	(445.986)	(710.061)	(400.873)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	(1.556.920)	(54.762)
Hagnaður (tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini	80.550	(2.180)	109.305	147.413	748.123	261.274	937.521	(165.163)	104.896	(214.599)	(186.408)	945	1.821.677	2.446.764

* Markaðsbréf meðallöng voru sameinuð inn í Sparibréf meðallöng í maí 2011.

** Veltubréf voru stofnuð í nóvember 2011.

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Skýr.	Markaðsbréf stutt	Markaðsbréf meðallöng *	Markaðsbréf löng	Sparibréf stutt	Sparibréf meðallöng	Sparibréf löng	Sparibréf verðtr	Sparibréf óverðtr	Reiðubréf ríkistryggð	Landsbanki Glob Eq. Fund	Landsbanki Nordic 40	Veltubréf**	2011 Samtals	2010 Samtals
Eignir														
Fjárfestingar	5,6													
Verðbréf með föstum tekjum.....	1.279.815	0	1.224.018	3.398.181	10.960.251	3.208.931	10.443.273	506.753	2.199.877	0	0	155.414	33.376.513	26.480.323
Hlutabréf.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	497.446	101.923	0	599.370	1.179.938
Hlutdeildarskírteini.....	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1.965.362	0	0	1.965.362	2.245.493
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum.....	180.041	0	0	315.000	0	0	290.000	0	200.045	0	0	133.117	1.118.203	0
Fjárfestingar samtals	1.459.855	0	1.224.018	3.713.181	10.960.251	3.208.931	10.733.273	506.753	2.399.922	2.462.809	101.923	288.531	37.059.447	29.905.754
Aðrar eignir														
Handbært fé.....	8.730	0	34.067	30.437	144.902	86.059	15.801	9.151	61.488	42.104	2.991	14.509	450.237	705.371
Aðrar eignir.....	0	0	0	367	14.025	386	9.728	54	290	18.661	0	641	44.151	43.235
Aðrar eignir samtals	8.730	0	34.067	30.804	158.927	86.444	25.529	9.205	61.778	60.765	2.991	15.150	494.388	748.606
Eignir samtals	1.468.585	0	1.258.085	3.743.985	11.119.178	3.295.375	10.758.802	515.957	2.461.700	2.523.574	104.914	303.681	37.553.836	30.654.360

*Markaðsbréf meðallöng voru sameinuð inn í Sparibréf meðallöng í maí 2011.

** Veltubréf voru stofnuð í nóvember 2011.

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

Skýr.	Markaðsbréf stutt	Markaðsbréf meðallöng *	Markaðsbréf löng	Sparibréf stutt	Sparibréf meðallöng	Sparibréf löng	Sparibréf verðtr	Sparibréf óverðtr	Reiðubréf ríkistryggð	Landsbanki Glob Eq. Fund	Landsbanki Nordic 40	Veltubréf**	2011 Samtals	2010 Samtals	
Skuldir															
